

# 1. Hvers vegna að velja Varmamót.

- Uppsláttur og einangrun samtímis.
- Auðvelt að meðhöndla.
- Einfalt í notkun.
- Skammur byggingatími.
- Góð einangrun og orkusparnaður.
- Nýtir styrk steinsteypu en er laust við kuldaþrýr.
- Sökkuluppsláttur f/allar gerðir bygginga.
- Tilvalið til byggingar að vetri til.

# 2. Hagkvæmar og varanlegar byggingar.

## Varmamót byggingarkerfi nútímans

Hús sem byggð eru úr Varmamótum eru hlý, varanleg, hagkvæm, létt í viðhaldi og ódýr í rekstri. Húsin eru byggð úr járnbennti steinsteypu. Bæði sökkull og útveggir eru steyptir upp með Varmamótum.

## Varmamót byggingarkerfið hentar afar vel íslenskum aðstæðum.

Varmamótin eru ekki aðeins ætluð í einbýlishús og raðhús heldur henta þau vel í stærri byggingar t.d. opinberar byggingar, fjölbýlishús, iðnaðarhús, fiskvinnsluhús, verslunarhús og hús til sveita. Einnig í sökkla og kjallara undir timburhús og sumarbústaði.

## Nælon tengi

Nælon tengin eru íslensk framleiðsla úr endurunnum þorskanetum. Tengin eru mjög sterk og hafa gott skrufuhald fyrir lista og leiðara fyrir utanhúss klæðningar. Hægt er að fá öll kerfin með lóðréttum og láréttum raufum ef klæða á húsin að utan (ekki lagervara) með utanhúsklæðningu. Með því móti fæst fast samband milli nælontengjanna og leiðarans fyrir klæðninguna.

## Einstaklega góð einangrun.

Einangrun húsanna er eins og best gerist. Húsin eru einangruð bæði að innan og utanverðu. Það hefur ótvírætt marga kosti að einangra hús að utan. Með því móti komast menn hjá frost- og alkálískemmdum sem mikið hefur borið á í íslenskum húsum sem steypst hafa verið síðustu áratugina.

Húsin eru ennfremur einangruð að innan. Þannig getum við haldið í hefðbundnar íslenskar aðferðir og haft vatns- og raflagnir innfelldar eins og venja er í íslenskum húsum.

## Stuttur byggingatími.

Stuttur byggingatími hefur marga kosti í för með sér, t.d. minni launakostnað, minni fjármagns-kostnað, minni húsaleigukostnað, styttri biðtíma eftir húsbréfum og fleira mætti telja.

## Aðrir kostir.

Betri einangrun þýðir lægri upphitunarkostnað. Engar kuldaþrýr eru í húsunum, allt viðhald verður minna auk þess sem spara má steypu og járn í húsum sem einangruð eru að utan. Varmamótin eru framleidd úr tregbrennanlegu polystyren efni sem þýðir að það logar ekki nema eld sé haldið að efninu. Þegar loginn er fjarlægður frá plastinu slökknar í því.

## Mótauppsláttur er óþarfur.

Allir geta séð óhagræðið í því að byggja á gamla mátann þ.e. að smíða eitt timburhús utan um annað og dæla síðan steypu á milli þeirra. Rífa síðan bæði húsin niður, skafa timbur, naglhreinsa og í lokin festa einangrun utan á útveggi. Með Varmamótunum er þetta allt gert í einum og sama áfanganum.

## Meðhöndlun mótana.

Einangrunarmót eru viðkvæm og geta brotnað við slæma meðhöndlun. Stranglega er bannað að stíga upp á eða að setjast á mótin.